# Það bera sig allir vel                    Tónholt

Helgi Björnsson




**A dúr**




**D dúr**




**E dúr**

A                                                                              D
Mér var litið út um gluggann sá að laufin voru fokin út á haf,
E                                                                  A
lægðirnar að tikka inn og færa okkur öll á bóla kaf.
A                                                                     D
Á lofti svifu fuglarnir mót frelsinu því ekkert heftir þá,
   E                                                                                A
ég fékk mér meira kaffi, hellti upp á nýjan skammt af eftirsjá.

 A                                                                                    D
Við ætluðum að hittast, manstu auðvitað fannst hvergi stund í það,
 E                                                                      A
einhvernveginn skorti bæði tilefni og réttan fundarstað.
 A                                                                        D
Öllum þessum tæknivædda tíma urðu minningar að bráð,
 E                                                                                 A
þær týndust ein og ein og voru horfnar þegar betur var að gáð.

                         D                                        A
**Það bera sig allir vel, þótt úti séu stormur og él,**
                          E                                      A
**allt í góðu inni hjá mér, lífið gott sem betur fer.**
                         D                                         A
**Það bera sig allir vel, þótt úti séu stormur og él,**
                               E                                    A
**þá lifir ljósið inni hjá mér, lífið gott sem betur fer.**

 A                                                                        D
Veturinn mun enda þegar vorið flæðir inn um gluggana,
 E                                                                              A
þú veist að þegar sólin birtist aftur mun ég reyn´að huggana.
 A                                                                             D
Og ef þú vilt ég fylg'enni þá býð ég uppá kaffi, stund og stað,
 E                                                                                        A
þá stendur alltaf boðið um að fljúga með þér héðan, mundu það.

**Það bera sig allir vel ...**

www.gitarar.is